

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2022

2022/EES/45/38

frá 18. mars 2022

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1752 frá 25. febrúar 2019 um gerð spurningalista sem og um snið og tíðni skýrslna sem aðildarríki eiga að taka saman í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 22a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/852) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„22aa. **32019 D 1752**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1752 frá 25. febrúar 2019 um gerð spurningalista sem og um snið og tíðni skýrslna sem aðildarríki eiga að taka saman í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 (Stjútö. ESB L 269, 23.10.2019, bls. 5).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 1. gr. og I. viðauka gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1752, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjútö. ESB L 269, 23.10.2019, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.